

FUNDARGERÐ

Sjóðfélagafundur Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna haldinn 28. nóvember 2018 á Icelandair Hotel Reykjavík Natura

Sjóðfélagafundur Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna var haldinn á Icelandair Hotel Reykjavík Natura, Þingsal 2, miðvikudaginn 28. nóvember 2018 kl. 17:00.

Fundurinn hófst með því að Ari Skúlason, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Ari lagði til að Hinrik Greipsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki. Hinrik tók við stjórn fundarins, þakkaði traustið og lagði til að Pálmi Rögnvaldsson tæki að sér fundarritun og var það samþykkt. Hinrik tilkynnti að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti því yfir að fundurinn væri löglegur.

Hinrik lýsti því yfir að þessi sjóðfélagafundur Hlutfallsdeildar væri upplýsingafundur um stöðu mála hjá deildinni.

Vakin er athygli á því að glærur með samantekt um það efni sem farið var yfir á fundinum eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins: www.lifbank.is.

Var gengið til formlegrar dagskrár. Röð dagskrárliða var eftirfarandi:

- 1) Málshöfðun gegn aðildarfyrirtækjum og íslenska ríkinu
Jónas Fr. Jónsson, hrl.
- 2) Tryggingafræðileg staða Hlutfallsdeildar,
Bjarni Guðmundsson, Cand. act.
- 3) Önnur mál: Hugleiðingar um framhaldið
Tryggvi Tryggvason / Ari Skúlason

1) Málshöfðun gegn aðildarfyrirtækjum og íslenska ríkinu Jónas Fr. Jónsson, hrl.

Jónas Fr. Jónsson hrl. tók til máls og reifaði helstu þætti málareksturs sjóðsins á hendur aðildarfyrirtækjum og íslenska ríkinu.

Áður en Jónas hóf yfirferð sína á stöðu mála þá nefndi Jónas að stefna sjóðsins á hendur aðildarfyrirtækjum og íslenska ríkinu væri aðgengileg á vef sjóðsins, www.lifbank.is, og að í henni væri að finna nánari útlistun á þeim atriðum sem hann hygðist fara yfir undir þessum dagskrárlið

Jónas fór fyrst yfir það hverjum sjóðurinn hefði stefnt. Í máli Jónasar kom fram að málið hefði verið höfðað á hendur Landsbankanum hf., Seðlabanka Íslands, Valitor hf., Reiknistofu bankanna hf., Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja og Íslenska ríkinu.

Þá fór Jónas yfir dómkröfur sjóðsins. Aðalkrafa sjóðsins er í tveimur liðum annars vegar um breytingu á samkomulaginu frá 1997 þannig að fært verði inn í samkomulagið nýtt ákvæði um viðbótargreiðslu stefndu, samtals um 5,6 ma. kr. og þá hins vegar um breytingu á samkomulaginu með nýju ákvæði um ábyrgð stefndu á skuldbindingum Hlutfallsdeildar umfram eignir í hlutfalli við skuldbindingar vegna sjóðfélaga þeirra frá 1. janúar 2015. Nánar um dómkröfur

og dómkröfur til vara visast til samantektar á glærum og stefnu sjóðsins sem aðgengileg er á vef sjóðsins www.lifbank.is.

Því næst fjallaði Jónas um þær málsástæður sem dómkröfur sjóðsins byggja á. Í máli Jónasar kom fram það helst að kröfur sjóðsins byggðu á niðurstöðum matsgerðar. Kom fram í máli Jónasar að hann teldi að um væri að ræða vel rökstudda matsgerð. Í máli Jónasar kom m.a. fram að hann teldi unnt að halda því fram með vísan til matsgerðarinnar að samkomulagið frá 1997 hafi verið ósanngjarnt eins og komið hafi í ljós með tímanum, að um hafi verið að ræða einhliða áhættu sjóðfélaga til áratuga, ójafna stöðu samningsaðila og að samkomulagið hefði einfaldlega ekki verið efnt. Markmið samkomulagsins hafi verið það að sjóðfélagar yrðu jafn settir og þeir voru þegar ábyrgðin var til staðar en það hafi ekki gengið eftir og það hvernig samkomulaginu var háttað og hvernig mál þróuðust með tímanum sýndi fram á það. Hér hafa helstu atriði verið talin upp sem komu fram í máli Jónasar en nánari upplýsingar um málsástæður dómkrafna sjóðsins má nálgast í samantekt á glærum og í stefnu sem aðgengileg er á heimasíðu sjóðsins, www.lifbank.is.

Að lokum kom fram í máli Jónasar að hinir stefndu myndu taka til varna og skila greinargerðum sínum til héraðsdóms að öllu óbreyttu þann 18. desember nk. Jónas nefndi í því sambandi líklega mætti gera ráð fyrir frávísunarkröfum og jafnvel beiðnum um yfirmat á matsgerðinni t.d. um útreikninga þar sem um verulega háar fjárhæðir væru að ræða. Til að draga saman gæti þetta allt þýtt að málareksturinn gæti tekið nokkurn tíma áður en efnisleg niðurstaða fæst í málið. Nefndi Jónas að ef allt yrði eins og best væri á kosið þá gæti verið að málið yrði flutt í héraðsdómi í vor eða næsta haust 2019 og í kjölfar þess væri spurning hvort máli færi fyrir Landsrétt og þá e.t.v. til Hæstaréttar í kjölfarið en þetta mál væri af þannig stærðargráðu að það gæti orðið raunin. Jónas taldi að um væri að ræða ferli sem gæti tekið um tvö ár að leiða til lykta.

Jónas lauk máli sínu og bauð upp á spurningar úr sal.

Hinrik Greipsson fundarstjóri tók til máls og bað fundargesti um að rétta upp hönd og kynna sig ef þeir hefðu spurningar.

Ólöf Björnsdóttir kvað sér hljóðs. Ólöf kynnti sig og nefndi að í gegnum tíðina hefðu sjóðfélagar hlutfallsdeildar fengið um 2% í séreign. Spurði Ólöf hvort hægt væri að fá leiðréttingu á því aftur í tímann.

Jónas tók til máls og nefndi að hann teldi samkomulagið frá 1997 vera annars eðlis og með það í huga og með venjulegum fyrirvara þá teldi hann að það væri því miður ekki hægt.

Kjartan Sigurgeirson kvað sér hljóðs. Kjartan spurði hvort það yrði Landsbankanum hf. til hagsbóta að draga þetta mál eða hvort að leiðréttingin myndi ná aftur í tímann.

Jónas tók til máls og nefndi að dómkröfur sjóðsins hefðu m.a. verið hugsaðar með það í huga, hvort hætta væri á fyrningu og byggðu dómkröfurnar því t.d. á því að sett yrðu ný ákvæði inn í samkomulagið. Hugsunin með því væri sú að fengjust kröfurnar samþykktar yrðu til ný ákvæði sem sjóðurinn gæti byggt á gagnvart mótaðilum sínum. Fljótt á litið amk. væri ekki að sjá að Landsbankinn hf. myndi hagnast á því að teyja málið.

Björn Matthíasson kvað sér hljóðs. Í máli Björns kom fram að hann hafi verið á fundinum í öndverðu þegar sjóðfélagar samþykktu að sjóðurinn yrði ekki lengur á ábyrgð ríkisins. Nefndi Björn að samkomulagið hafi verið selt sjóðfélögum og að eini maðurinn sem hefði staðið upp og andmælt þessu hefði verið Sveinbjörn Hafliðason lögmaður hjá Seðlabankanum. Það hefði hinsvegar dugað skammt og samkomulagið samþykkt með handauppréttingu. Björn bað Jónas um að hafa þetta í huga í málarekstri sjóðsins.

Jónas tók til máls og nefndi að í gegnum tíðina hefði verið látið reyna á ýmis atriði m.a. í tengslum við afgreiðslu fundarins á samkomulaginu í öndverðu en það hefði ekki gengið eftir og væri ekki að sjá að unnt væri að ógilda ákvörðunina sem tekin var á fundinum.

Hjörvar Jensson kvað sér hljóðs og spurði hvort hægt yrði að áfrýja hugsanlegri frávisun til æðra dómstigs ef aðildarfyrirtækjum tækist að fá fram einhverskonar frávisun á dómkröfum sjóðsins.

Jónas svaraði og í máli hans kom fram að ef héraðsdómur myndi fallast á hugsanlegar frávisunarkröfur aðildarfyrirtækja þá gæti sjóðurinn kært slíka frávisun til Landsréttar og látið á það reyna. Tækist svo ekki að fá frávisun hnekt þá gæti sjóðurinn jafnframt ákveðið að endurskoða stefnuna með tilliti til þeirra ástæðna sem ollu frávisun og stefnt öllu inn aftur. Þetta yrði a.m.k. allt skoðað vel og vandlega eftir því sem málinu þokaði áfram.

Ingvar Sigfússon kvað sér hljóðs og í máli hans kom m.a. fram að ef hann myndi það rétt þá hefði verið í reglugerð sjóðsins frá árinu 1998 ákvæði sem heimilaði aðildarfyrirtækjum sjóðsins, eða hluta þeirra, að losa sig undan ábyrgð ef þeir greiddu upp allar skuldbindingar sínar, eða eitthvað á þá leið. Samkvæmt því sem byggt er á í málarekstri sjóðsins í dag er það hinsvegar eitthvað sem aðildarfyrirtækin hafa ekki gert og þau því þar með brotið ákvæði reglugerðarinnar frá 1998, ef ég er að muna það rétt. Væri þetta eitthvað sem hægt væri að vísa til í okkar málarekstri í dag.

Jónas tók til máls og nefndi að hann hefði lesið umrædda reglugerð nokkrum sinnum og að hann myndi ekki eftir svona ákvæði á þessari stundu en sagði að ef við gæfum okkur að slíkt ákvæði væri til staðar þá mætti ætla að aðildarfyrirtækin myndu svara á þann veg að þau hefðu staðið við allar skuldbindingar í öndverðu skv. ákvæðinu og að þau gætu ekki borið ábyrgð á því sem síðar gerðist. Í málarekstri okkar í dag er sjóðurinn hinsvegar að halda því fram að þetta samkomulag hafi einfaldlega verið ósanngjarnt og af þeim sökum séu í raun umtalsverðar skuldbindingar útistandandi. Þá nefndi Jónas að ósanngirni væri í eðli sínu afstætt hugtak og að það væru rök með og á móti sem þyrfti að skoða gaumgæfilega og alls konar áhættur sem fælust í matskenndum atriðum sérstaklega þegar verulegir hagsmunir eru undir.

Ingvar Sigfússon kvað sér hljóðs að nýju og nefndi að Seðlabankinn væri eina stofnunin sem væri enn sami lögaðilinn eða eina stofnunin sem væri óbreytt frá því að samkomulagið var gert. Spurði Ingvar hvort möguleiki væri á að halda málinu uppi gegn þeim sérstaklega.

Jónas tók til máls og sagði aðildina vera nokkuð misflókið úrlausnarefni þar sem aðildarfyrirtækin hefðu sum hver tekið breytingum frá þeim tíma þegar samkomulagið var gert. Í máli Jónasar kom fram að aðild Landsbankans hf. væri að hans mati flóknasta úrlausnarefnið í þessu sambandi en í öðrum tilfellum, s.s. eins og varðandi Reiknistofu Bankanna og Valitor þá lægi fyrir að til staðar væri kominn nýr lögaðili sem hefði sannanlega tekið við skyldum af forvera sínum. Nefndi Jónas að aðildin byggði á því sem kallað væri samlagsaðild sem þýddi m.a. að hægt væri gera upp gagnvart hverjum og einum aðila sem stefnt væri. Þá sagði Jónas að hann teldi líkur standa til að farið yrði fram á samaðild af hálfu aðildarfyrirtækja og jafnvel mætti hugsa sér að fram kæmi frávisunarkrafa sem myndi byggja á því óbeint, þ.e. að eðli máls skv. ætti samaðild við og að gleymst hafi að stefna einhverjum aðila og að þar með væru skilyrði samaðildar ekki uppfyllt sem leiða ætti til frávisunar.

Engir fleiri tóku til máls undir þessum dagskrárlið.

Hinrik Greipsson fundarstjóri þakkaði Jónasi fyrir yfirferð sína og greinargóð svör í kjölfarið.

Hinrik kynnti næsta lið á dagskrá sem var tryggingafræðileg staða Hlutfallsdeildar.

**2) Tryggingafræðileg staða Hlutfallsdeildar
Bjarni Guðmundsson, Cand. act.**

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur kom í pontu. Bjarni tók til máls og nefndi að venjan væri að koma einu sinni á ári, þ.e. á aðalfund sjóðsins, til að ræða um tryggingafræðilega stöðu en útreikningar fyrir síðasta ár hefðu því miður ekki tekist betur en svo að fundist hefði villa í útreikningi. Sýndi Bjarni glærur um tryggingafræðilega stöðu og útskýrði í hverju villan hefði falist og sýndi leiðréttan útreikning fyrir Hlutfallsdeild fyrir árið 2017 þar sem fram kom m.a. að áfallin staða væri nú leiðrétt úr -2,1% í -4,1% en heildarstaða færi úr -4% í -6,19%. Í máli Bjarna kom fram að rekja mætti þessa stöðu til meiri hækkunar skuldbindinga en gert var ráð fyrir í fyrri útreikningum. Þá nefndi Bjarni að sem fyrr væri það svo skv. lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, að verði heildarstaða sjóðs undir -5% fimm ár í röð væri sjóðnum skylt að grípa til aðgerða og í ljósi eðli Hlutfallsdeildar yrði því að öllu óbreyttu að grípa til aðgerða til að leiðrétta stöðuna fyrir eða eigi síðar en eftir 5 ár. Að lokum bað Bjarni fundarmenn velvirðingar á villu í útreikningi og þakkaði fyrir sig.

Hinrik þakkaði Bjarna fyrir og óskaði eftir spurningum úr sal ef einhverjar væru, engar spurningar komu úr sal.

Þá var farið í næsta dagskrárlið, önnur mál.

Hinrik gaf Tryggva Tryggvasyni framkvæmdastjóra orðið.

**3) Önnur mál: Hugleiðingar um framhaldið
Tryggvi Tryggvason / Ari Skúlason**

Tryggvi tók til máls og þakkaði sérstaklega fyrir góða mætingu á fundinn. Tryggvi sagðist í ljósi leiðréttingar Bjarna vilja fjalla um tryggingafræðilega stöðu Hlutfallsdeildar. Tryggvi vísaði til glæru þar sem hann hafði tekið saman yfirlit yfir þróun tryggingafræðilegrar stöðu deildarinnar frá stofnun hennar. Tryggvi benti á að þróun á tryggingafræðilegri stöðu deildarinnar sýndi að það hefði verið viðvarandi halli á deildinni frá stofnun hennar, fyrir utan fyrstu þrjú árin.. Hallinn hefði svo verið leiðréttur 2006 þegar gert var sérstakt samkomulag við aðildarfyrirtækin um leiðréttingu vegna launaþróunar en í kjölfar þess hafi byrjað að halla undan fæti hjá deildinni að nýju þangað til skerðingin sem samþykkt var á aðalfundi 2014 og kom til framkvæmda 2015 átti sér stað. Skerðingin 2015 hafi svo ekki dugað sem skyldi þar sem forsendur um nýtingu 95 ára reglunnar höfðu verið vanáætlaðar.

Í máli Tryggva kom fram að við leit á skýringum á þessum viðvarandi halla þá mætti fyrst sjá að ávöxtun á eignahlið deildarinnar væri að standast væntingar og að raunávöxtun hefði verið stöðug og góð, a.m.k. síðustu ár, og því væri það svo að hans mati að skýringa væri að finna á skuldbindingarhlið sjóðsins. Nefndi Tryggvi að ástæður fyrir þessum halla væru margvíslegar en veigamest væri sú staðreynd að forsendur samkomulagsins frá 1997 hefðu ekki staðist. Nefndi Tryggvi að ljóst væri að staða Hlutfallsdeildar væri þröng og væri nú þegar komin yfir þessi -5% vikmörk sem Bjarni hefði nefnt sem þýddi að ef staðan yrði áfram undir -5% í fimm ár þá þyrfti sjóðurinn lögum samkvæmt að bregðast við með aðgerðum s.s. lækka réttindi til að ná fram jöfnuði. Þá tók Tryggvi fram að vegna eðlis Hlutfallsdeildar, sem lokaðrar deildar, að þá myndi halli að öllu óbreyttu aukast þar til réttindi yrðu aðlöguð og m.v. framreiknaða stöðu þá þyrfti sjóðurinn að grípa til aðgerða eigi síðar en árið 2021. Tryggvi tók þó fram að það væri stór óvissuþáttur í þessu öllu saman og það væri dómsmálið en þar væri verið að tefla um ca. 5,6 milljarða króna. Nefndi Tryggvi að ef sjóðurinn myndi vinna dómsmálið þá myndu þeir fjármunir sem þá myndu renna til sjóðsins verða til þess að halli deildarinnar yrði leiðréttur. Tryggvi bað Ara Skúlason um að koma næstan í pontu til að fjalla um stöðu mála f.h. stjórnar sjóðsins.

Ari Skúlason kom í pontu og tók til máls. Ari tók undir orð Tryggva og nefndi að ljóst væri að staða Hlutfallsdeildar væri ekki góð og í raun væri það svo að hann sæi ekki neitt annað jákvætt í stöðunni sem gæti leiðrétt hallann en að vinna dómsmálið. Ari nefndi að hann teldi að stjórn sjóðsins þyrfti að hugsa málið og koma með tillögur í þessum efnum en ljóst væri að öllu óbreyttu að lífeyrislög myndu taka ráðin af þeim og krefjast þess að réttindi yrðu skert í samræmi við þá útreikninga sem lægju fyrir.

Þá kom fram í máli Ara að eins og Tryggvi hefði bent á þá myndi halli deildarinnar halda áfram að aukast, að öllu óbreyttu, eða um ca. 100 milljónir á hverju ári eða um ca. -0,4% til -0,5% á ári. Það þyrfti því eitthvað jákvætt að gerast til að breyta því. Þar væri dómsmálið það eina sem mönnum kæmi í hug. Ari nefndi að stjórn sjóðsins þyrfti að skoða málið og leita lausna í þessum efnum því það kæmi til þess einn góðan veðurdag, að öllu óbreyttu, að ráðin yrðu tekin af sjóðnum þar sem lífeyrislög gerðu þennan áskilnað um aðgerðir að ákveðnum tíma liðnum. Ari nefndi að eitt sem gæti komið til skoðunar væri það hvort rétt væri að lækka réttindi strax á næsta ársfundi um t.d. -5% í stað þess að bíða og hægja þar með á þessari sjálfvirku aukningu hallans. Þá nefndi Ari að einnig mætti einnig velta fyrir sér hvort setja ætti ákvæði inn í samþykktir sjóðsins um sjálfvirkt leiðréttingarferli þannig að ekki þyrfti að taka málin upp á ársfundi, ár eftir ár. Inntak ákvæðisins gæti verið eitthvað á þá leið að réttindi myndu leiðréttað sjálfkrafa á hverju ári til samræmis við tryggingafræðilega stöðu eins og hún væri á hverju ári, til lækkunar eða hækkunar. Ari nefndi að margs væri að gæta í þessu sambandi og sagði að stjórn sjóðsins hygðist koma með tillögu á næsta ársfundi um viðbrögð við þessari stöðu Hlutfallsdeildar.

Að lokum vék Ari máli sínu að hugmyndum um sameiningu deilda sjóðsins. Ari nefndi að sameining deilda væri stór og vandasöm aðgerð sem krefðist mikilla útreikninga og nefndi Ari að af þeim sökum þyrftu báðar deildir að vera í jafnvægi áður en tillögur yrðu mótaðar þar um, ef vilji yrði fyrir því. Nefndi Ari að áður en lengra yrði haldið með hugmyndir af því tagi væri þó rétt að bíða lykta dómsmáls Hlutfallsdeildar en samkvæmt því sem fram kom í máli Jónasar í upphafi fundar þá gætu orðið um 2 ár í niðurstöðu þar um. Að lokum nefndi Ari að ef af verður þá þyrfti að kynna áform um sameiningu deilda rækilega fyrir sjóðfélögum áður en ákvörðun um slíkt yrði tekin. Ari þakkaði fyrir sig.

Hinrik Greipsson þakkaði Ara fyrir og kvað orðið vera laust.

Kjartan Sigurgeirsson bað um orðið. Kjartan tók til máls og spurði hvort skynsamlegt væri fyrir sjóðinn að greiða Landsbankanum hf. mikla fjármuni fyrir fjárvörslu þegar sjóðurinn væri í dómsmáli við bankann.

Tryggvi Tryggvason kom í pontu og svaraði. Tryggvi nefndi að sjóðurinn skoðaði það í hverju máli fyrir sig hvar unnt væri að ná fram bestum kjörum og hvar væri skynsamlegt að fjárfesta, og þá með hag sjóðfélaga í fyrirrúmi hverju sinni. Tryggvi nefndi að sjóðurinn ætti í miklum viðskiptum við Landsbankann hf. en slík viðskipti væru þó dómsmálinu óviðkomandi og hefðu ekki áhrif á það.

Hinrik kvað orðið enn vera laust.

María Ýr Valsdóttir bað um orðið. María sagðist vera að velta fyrir sér þessu með hugmyndir um að lækka stöðu Hlutfallsdeildar, þ.e. hvort hagstæðast væri að gera það jafnóðum eða ekki og hvernig það myndi snerta mismunandi hópa sjóðsfélaga t.d. þá sem greiða í dag og þá sem verða síðastir út.

Tryggvi Tryggvason svaraði. Í máli Tryggva kom fram að hagsmunir þeirra sem enn væru að greiða í sjóðinn væru undir og þess vegna væru ákvæðin í lögnum þannig að eftir 5 ár yrði einfaldlega að bregðast við jafnvel þó kosning um lækkun réttinda næði ekki fram að ganga. Nefndi Tryggvi að hagsmunirnir væru því ólíkir hjá þessum hópum, þ.e. þeim hópi sem enn greiddi iðgjöld í dag og þeim sem þiggja greiðslur. Í máli Tryggva kom fram að stjórn sjóðsins myndi vafalaust gera tillögur sem hentuðu sjóðnum í heild enda væri það svo að eignir og skuldir

þyrftu að vera í jafnvægi og þar fyrir utan þyrfti hvort sem er alltaf að grípa yrði til aðgerða innan 5 ára óháð kosningu vegna lagaskilyrða.

Ari Skúlason tók til máls. Í máli Ara kom fram að það mætti segja að sjóðurinn væri að reka málið gegn aðildarfyrtækjunum á einskonar sanngirnisgrundvelli þ.e. að samkomulagið hafi verið ósanngjarnt. Þá nefndi Ari vegna umræðu um hagsmuni mismunandi hópa og í ljósi framangreinds að hann teldi rétt að sjóðurinn sjálfur væri einnig rekinn á grundvelli sanngirnissjónarmiða.

María þakkaði fyrir góð svör.

Hjörvar Jensson kvað sér hljóðs. Í máli Hjörvars kom fram að hann tæki undir orð Ara, þ.e. sjóðurinn væri í raun að reka dómsmál á grundvelli sjónarmiða um sanngirni og að hann teldi rétt að sjóðfélagar sem væru að þiggja greiðslur myndu sýna öðrum sjóðfélögum sanngirni ef það verður kosið um lækkun á næsta ársfundi.

Þorsteinn Ólafsson tók til máls. Í máli Þorsteins kom fram að hann teldi sanngirnissjónarmið hníga að því að leiðrétta jafnóðum að hans mati. Nefndi Þorsteinn að á síðasta fundi sem hann mætti á hefðu menn verið óhressir með að leiðrétta eftir fimm ár og þá hafi Þorsteinn staðið upp og lagt til að framkvæma leiðréttingu í áföngum. Í máli Þorsteins kom fram að hann teldi það vera skyldu stjórnar að leggja fram tillögu um að leiðrétta jafnóðum sama í hvora áttina slík leiðrétting yrði, þannig yrðu sanngirnissjónarmið höfð að leiðarljósi í þessu máli.

Tryggvi Tryggvason tók til máls. Tryggvi nefndi að hann tæki undir sjónarmið sem hefðu komið fram um sanngirni í tengslum við hugsanlegar tillögur um lækkun réttinda og að mikilvægt væri að viðhafa jafnræði á milli sjóðfélaga. Þá nefndi Tryggvi að þar sem Hlutfallsdeild væri lokuð og hallinn því í raun alltaf að ágerast þá væri að hans mati einmitt ástæða til að skoða möguleika á því hvort skynsamlegt væri að setja ákvæði inn í samþykktir sem myndi fela í sér að jafna halla sjálfkrafa eftir því sem þörf væri á samkvæmt tryggingafræðilegri stöðu. Þá nefndi Tryggvi að hann kannaðist í bragðið ekki við fordæmi um ákvæði af þessu tagi hjá öðrum sjóðum en það væri vert að skoða vel og einnig hvort eitthvað praktískt eða annað kæmi í veg fyrir að skynsamlegt væri að samþykkja ákvæði af því tagi.

Hinrik þakkaði Tryggva fyrir og kvað orðið enn vera laust.

Enginn tók til máls.

Hinrik þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og málefnalega umræðu.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð til þess að ganga frá fundargerð fundarins. Fundi var slitið um kl. 18:00. Fundarmenn voru um 109 talsins.

Reykjavík, 7. febrúar 2019

Fundarstjóri:

Hinrik Greipsson

Fundarritari:


Pálmi Rögnvaldsson